

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL
SNÆFELLSBÆ

406. tbl - 9. árg.

18. júní 2009


SPARISJÓÐURINN
Ólafsvík

- fyrir þig og þína

Sími: 430 7000 | Fax: 430 7001

Menningarsjóður Sparisjóðsins styrkir

Afhending styrkja úr Menningarsjóði Sparisjóðs Ólafsvíkur fór fram í kaffisamsæti í húsnæði Sparisjóðsins 10. júní sl.

Menningarsjóður Sparisjóðs Ólafsvíkur var stofnaður árið 1996 og er tilgangur sjóðsins að veita styrki til hverskonar framfara og menningarmála í Snæfellsbæ. Nú var veitt úr sjóðnum í 13 sinn.

Samtals bárust 23 umsóknir um styrki, 17 umsóknir að upphæð kr. 4.745.000. og 6 umsóknir þar sem styrkuppæð er ekki tilgreind. Úthlutað var að þessu sinni kr. 1.385.000,- til átta aðila og er það talsvert lægri upphæð en úthlutað hefur verið und-



anfarin ár, þeir sem fengu úthlutun úr sjóðnum í ár eru:

Ípróttá og æskulýðsfulltrúi Snæfellsbæjar,
vegna útgáfu á frístundabók fyrir Snæfellsbæ.

Áttthagastofa Snæfellsbæjar,

vegna skráninga á söguskiltum og könnun á þörf fyrir fleiri skilti eða minnisvarða í Snæfellsbæ.

Ólína Gunnlaugsdóttir, Ökrum,

vegna söfnunar á munum á sunnanverðu Snæfellsnesi og sýningu á þeim.

Valentína Kay,

vegna uppsetningar á söngleik í Ólafsvík.

Áhugahópur um fuglalíf í Rífi,

vegna endurnýjunar á upplýsingaskilti um fuglalíf í Rífi.

Kristján Helgason,

vegna útgáfu á úrklippusafni með fréttum úr Snæfellsbæ.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull,

vegna verkefnisins umhvefismennt á Malarrífi.

Ólafsvíkurvaka,

vegna hátíðahalda í júlí 2009.



Bifreiðaverkstæði Ægis

Þarf að yfirfara bílinn gera við hann eða bara smyrja?
Logar viðvörðunarljós í mælaborði?
Komdu þá til okkar og við gerum það sem þarf.

- Allar almennar bílaviðgerðir
- Getum lesið út úr tölvukerfum flestra bíltegunda
- Erum með þjónustu fyrir flest umboð og flestar gerðir bíla.

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ
Opnunartími: 8-12 og 13-17 Símar: 436-6677 og 867-4188 Netfang: bifreid@mi.is

Gjöf til RKÍ



Stúlkurnar heita Marsibil Lís Þórðardóttir, Þórdís Lilja Þórðardóttir og Selma Marín Hjartardóttir.

Nú á vormánuðum bók-
uðu þessar duglegu stúlkur
muffins, skreyttu fagurlega
og seldu. Ágóðan, eða sam-

tals kr. 3000,- færðu þær
Rauða krossi Íslands, að
gjöf. Er þeim færðar bestu
þakkir fyrir.

Lotta

Leikhópurinn Lotta er á ferð um landið með leikrit sem heitir Rauðhetta, leikritið fjallar þó ekki aðeins um sögu litlu stúlkunnar Rauðhettu heldur hefur leikhópurinn fléttað saman ævintýrunum um Rauðhettu og úlfinn, Hans og Grétu og Grísina þrjá svo að úr verður stórskemmtileg blanda. Lotta heimsótti Snæfellsbæ sl. föstudag og sýndi leikritið á Sáinu í Ólafsvík undir berum himni, fjöldi fólks naut sýningarinnar og bæði börn og ekki síður fullorðna fólk-ið hafði mjög gaman af.

Þetta er ekki í fyrsta skipti



sem Lotta heimsækir Snæfellsbæ því að á síðasta sumri heimsótti leikhópurinn Lotta Sáiið einnig en þá með leikritið Galdrakarlinn í Oz.

Lista- og menningarnefnd Snæfellsbæjar styrkti komu leikhópsins og vonandi verður framhald á svona uppákomum..



Bætt heilsa - Breyttur lífstíll

Holl næring, frábær morgunverður
Vertu vel undirbúinn fyrir daginn.

Fáðu frían Prufupakka heim
Bý í Snæfellsbæ.

Dóra Einarisd
S. 5811104 – 6961104
dora@simnet.is
www.heilsufrettir.is/tedda



HOBBITINN

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · © 436 1362

HAMBORGARATILBOÐ
fyrir einstaklinga og fjölskyldur



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Gamlar myndir frá Ólafsvík

Í Átthagastofunni eru nú til sýnis gamlar myndir- bæði kvik- og ljósmyndir- sem voru teknar í Íslandsferð unglingskóla frá Wales árið 1966, en hópurinn dvaldist þá í Ólafsvík í tvær

vikur og er hluti myndanna héðan. Þá eru einnig sýnis- horn af verkefnum nemandanna og skýrsla um ferðina. Nánar verður sagt frá þessum haffafeng í næsta blaði.

Kvennahlaup

Kvennahlaup ÍSÍ verður haldið 20.júní. Að þessu sinni er hlaupið 20 ára en þetta er í 19.skipti sem hlaupið fer fram hér í Ólafsvík. Í ár eru bolirnir fallega bleikir og ættu að klæða allar konur vel. Um leið og bolirnir koma verður hægt að skrá sig í Sundlaug Ólafsvíkur, en þáttökugjald er kr. 1.000.-.

Það er ekki seinna vænna að taka fram hlaupaskóna og

byrja að æfa sig. Æfingar verða tvisvar sinnum í viku, á mánudögum og fimmtudögum kl. 20:00. Við ætlum að hittast í Sjómannagarðinum og ganga eða hlaupa saman allt eftir því hvernig við erum upplagðar hverju sinni. Við byrjum fimmtudaginn 4.júní.

Kveðja
Elfa og Sigga



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylgja@bylgja.is

Bæjarblaðið



Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.



Söngleikurinn Sússi og Tónlistarskóli Snæfellsbæjar

Þótt 4 vikur séu liðnar frá því að Tónlistarskóli Snæfellsbæjar lauk sínu vetrarstarfi, með glæsilegri nemandasýningu í Félagsheimilinu Klifi, finnst mér ástæða til að þakka það sem þar fór fram. Þetta er svo sannarlega nýbreytni að ljúka vetrarstarfi Tónlistarskólans með söngleik. Söngleikurinn bar nafnið Sússi og bæði handrit og öll lögin samin af höfundum í Snæfellsbæ. Allt fór einstaklega vel fram höfundum

og flytjendum öllum til mikils sóma og einnig þeim sem að sýningunni komu sem of langt mál yrði upp að telja. Það var mjög áhugavert að sjá og heyra hve skólastjóra og kennurum öllum tókst vel að æfa saman alla flytjendur þe. bæði söngvara sem stóðu sig mjög vel og alla hljóðfæraleikarana. Í lok tónleika voru flytendur allir klappaðir upp og þakkaður frábær flutningur. Það er greinilegt að í Snæfellsbæ er

fjöldinn allur að góðum listamannsefnum á sviði tónlistar. Okkur íbúum öllum í Snæfellsbæ ber að þakka Valentinu Kay og hennar kenn-

urum í Tónlistarskóla Snæfellsbæjar það góða og gófuga starf sem þar er unnið. PSJ

Múrarakar, málarakar, flísalagningamenn



Vantar þig múrarakar, málarakar eða flísalagningamenn.

Höfum mjög góða menn sem geta bætt við sig verkefnum. Upplýsingar gefur Páll í síma 840-6100 eða sendu tölvupóst á nesbyggd@nesbyggd.is

HEIM-SENDIR

Vöruafgreiðsla að Norðurtanga 1

Sími 431 5613 - 895 5613 - 899 5613 - 899 5624 - nefn. vorur@simnet.is



Vöruafgreiðsla Héðinsgötu 1-3
Sími: 533 2211

Við útvegum akstur innanbæjar í Reykjavík

Opið í Reykjavík til kl. 17 mán. - fimmtud.
Sömu lágu verðin - Verslum í heimabyggð



HERBALIFE

Breyttur lífstill.
Drekktu í þig orku, daglega

Næringadrykkir frá Herbalife eru úrvals valkostir.

Fáðu sendann frían prufupakka Sesselja, sími: 6595819
E-mail: birtad@simnet.is

Boltinn

Víkingar léku gegn ÍA á Ólafsvíkuvelli sl. fimmtudag. Skagamenn skoruðu tvö mörk í fyrri hálfleik gegn engu marki Víkinga, þannig lauk leiknum þar sem að ekkert mark var skorað í seinni hálfleik.

Næsti leikur Víkinga í deildinni er gegn Þór á Akureyri sunnudaginn 21. júní en Þór er í næstneðsta sæti

deildarinnar. Víkingur er í níunda sæti fyrstu deildar og aðeins þrjú lið neðar en það.

Nú er mikið í húfi fyrir Víkinga að rífa sig upp úr þeirri lægð sem þeir hafa verið í, til að hjálpa til við það þurfa stuðningsmenn að mæta á völlinn, hvort sem leikir eru heima eða heiman, og hvetja strákana áfram.

Flóamarkaður



Annabella Arndal Erlingsdóttir og Karen Dís Ingólfsdóttir héldu flóamarkað sem gekk mjög vel og söfnuðu þær kr. 7.690- sem

þær færðu Rauðakrossinum. Rauðakrossdeild Snæfellsbæjar vill koma á framfæri kærnu þakklæti til stúlkanna.



VIRKIÐ
Byggingavörur

Opið virka daga 9-12 og 13-18

Ólafsvíkuvaka 2009 - Hverfaskreyting

Ætlunin er að efna til smá samkeppni milli hverfa og nú hafa hverfisstjórar verið skipaðir fyrir hvert hverfi í Ólafsvík. Þeirra hlutverk er að halda utan um heildarskreytinguna fyrir hvert hverfi. Það er svo í höndum íbúanna að ákveða hvernig þeirra skreytingar verða. Það er búið að hafa samband við Margt smátt og ætla þeir að selja okkur boli í hverfalitunum. Verð á bol er 560 kr. og á húfu 400 kr. (ath! mögulega náum við að lækka þetta verð ef við pöntum mikið). Hér meðfylgjandi er pöntunarblað sem hver útfyllir og lætur sinn hverfisstjóra hafa fyrir 22. júní n.k.

ATH!!!! Ákveðið hefur verið að sameina fjólablaa og rauða hverfið og verður það framvegis rautt hverfi.

Hver veit nema flottasta hverfið verið valið???????

Pöntunarblað

Nafn: _____

Litur: _____

Fjöldi á bolum: _____

Fjöldi á húfum: _____

Markaður á Ólafsvíkuvöku!!!!!!!!!!

Mínum á markaðinn á Ólafsvíkuvökunni. Skráning hjá Laufey Kristmunds í síma 899-6904



Vélavarðarnámskeið

Viljum minna á vélavarðanámskeiðið á vegum Verkalýðsfélags Snæfellinga.

Námskeiðið byrjar föstudaginn 19. júní kl 09.00 f.h. í Grunnskóla Ólafsvíkur.

Allar nánari upplýsingar á skrifstofunni Ólafsbraut 19. Sími 436-1341.

Verkalýðsfélag Snæfellinga

60+

Lúxusferð í Flatey 30. júní

60+ í Snæfellsbæ ætla í lúxusferð í Flatey þann 30. júní n.k.

Dagskrá:

Sigling um Breiðafjörð

Hlaðborð

Dansleikur

og eitthvað fleira

Tilkynna þarf þátttöku fyrir 23. júní

til Kiddó í síma 893 4138 eða

Jensínu í síma 899 6712

Nefndin